

FJÖLMIÐLAR & TRAUST



Niðurstöður spurningakönnunar
Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Fjölmiðlar og traust 2025

Niðurstöður spurningakönnunar Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd

Júlí 2025

Fjölmiðlanefnd

Maskína

Umsjón:

Haukur Brynjarsson, Skúli Bragi Geirdal og Unnur Freyja Víðisdóttir

Helstu niðurstöður - fyrri hluti

71%

urðu vör við falsfréttir sl. 12 mánuði
sem er 12,3% hækkun frá 2022.

Fleiri á aldrinum 18-29 ára notuðu samfélagsmiðla en hefðbundna fréttamiðla til að nálgast fréttir deginum fyrir könnun.

Meirihluti sammála að miðlar Ríkisútvarpsins og Sýnar séu óháðir í sinni umfjöllun. Vinstrisinnaðir eru líklegri til að telja miðla Ríkisútvarpsins og Heimildarinnar óháða í sinni umfjöllun á meðan að hægrisinnaðir eru líklegri til að telja miðla Árvakurs (Morgunblaðið/Mbl.is/K100) og Viðskiptablaðsins óháða í sinni umfjöllun þegar að þeir fjalla um samfélagið og umheiminn.

88%

Flestir notuðu **fréttamiðla á netinu** (88,2%) og samfélagsmiðla (72,1%) deginum fyrir könnun til að nálgast fréttir.

Fleiri bregðast við falsfréttum eða röngum upplýsingum með því að kanna aðrar heimildir, slá efninu inn í leitarvél eða annað slíkt. Sömuleiðis lækkaði hlutfall þeirra sem sögðust „gera ekkert“ þegar þeir rekast á slíkar upplýsingar á netinu um 17,6% frá 2022.

þrefalt

fleiri nálgast fréttir á samfélagsmiðlum heldur en í dagblöðum.

Alls sögðust 35% aðspurðra bera annað hvort **mjög mikið eða fremur mikið traust til fjölmiðla** á Íslandi, sem er rúmlega 5% aukning frá árinu 2022. Yngra fólk ber meira traust til fjölmiðla á Íslandi en þeir sem eldri eru.

Yfir **helmingur** þátttakenda bera annað hvort fremur **lítið eða mjög lítið traust til samfélagsmiðla**.

Traust til dómstóla eykst, sérstaklega á meðal kvenna.

Helstu niðurstöður - seinni hluti

Þriðjungur

(30,1%) aðspurðra sagðist hafa **tekið eftir eða upplifað hatursfull ummæli af eigin raun** á netinu á síðustu 12 mánuðum.

Um **helmingur** aðspurðra, eða 50,4%, sagðist hafa **dregið sig úr umræðum á netinu vegna hatursfullra ummæla, ögrana, háðs o.s.frv. og hækkaði hlutfallið um 7,4% frá 2022.**

Yngri notendur verða frekar varir við hatursfull ummæli og hótanir um ofbeldi á netinu en eldri.

Alls sögðust 71,2% **fremur ánægð eða mjög ánægð með hvernig lýðræðið virkar á Íslandi. Mikil fjölgun var á milli ára** á meðal þeirra sem sögðust mjög ánægð en hlutfallið var 42% samanborið við einungis 11,4% árið 2022.

40%

telja djúprikið meinsemd sem grafið hefur um sig í íslensku stjórnkerfi

Tæp 40% telja að verið sé að grafa undan norrænum og kristnum gildum með því að beina hingað vísitandi straumi flóttamanna frá Miðausturlöndum og jókst hlutfallið um 16% frá 2022. Skýr munur er á afstöðu hægri- og vinstrisinnaðra til fullyrðingarinnar um að vísitandi sé verið að grafa undan norrænum og kristnum gildum með því að beina flóttafólki frá Miðausturlöndum til Íslands.

Fjórdungur

telur mikilvægt að almenningur geti fellt dóma inn á **samfélagsmiðlum** mál sem lögreglan og dómstólar á Íslandi sinna ekki


Fæstir á því að íslensku heilbrigðiskerfi sé ekki treystandi sökum alþjóðatengsla.

Meirihluti ósammála því að NATO þjóðir beri ábyrgð á innrás Rússa í Úkraínu.

Netfréttamiðlar og samfélagsmiðlar oftast notaðir til að nálgast fréttir

Þegar fjölmiðlar eru skoðaðir með tilliti til þess hvenær þátttakendur notuðu þá síðast til að nálgast fréttir, að deginum sem könnunin fór fram undanskildum, kemur í ljós að flestir (88,2%) höfðu síðast notað fréttamiðla á netinu deginum fyrir könnun. Næstflestir (72,1%) höfðu notað samfélagsmiðla deginum áður, þá útvarp (65,1%), sjónvarp (61,4%), dagblað (23,3%), hlaðvarp (17,1%) og tímarit eða vikublað (9,7%). Niðurstöður þessar eru keimlíkar niðurstöðunum frá árinu 2022.

Hvenær notaðir þú eftirfarandi miðla síðast til að nálgast fréttir?




Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.



Ungt fólk nálgast fréttir frekar á samfélagsmiðlum en hefðbundnum fréttamiðlum

Yngsti hópur svarenda (18-29 ára) sagðist nota fréttamiðla á netinu til að nálgast fréttir minnst allra aldurshópa en aðeins 74,5% þeirra kváðust hafa notað slíkan miðil síðast deginum fyrir könnun, sem er rúmlega 10% lækkun frá árinu 2022. Hlutfallið meðal hinna aldurshópanna sem nálgast fréttir á slíkum miðlum deginum fyrir könnun var hins vegar að meðaltali 91,8%. Yngsti hópurinn sker sig þá sömuleiðis úr þegar kemur að notkun samfélagsmiðla til að nálgast fréttir. Alls kváðust 79,7% þátttakenda á aldrinum 18-29 ára nálgast fréttir á samfélagsmiðlum deginum fyrir könnun sem er tæpum 10% hærra hlutfall en meðaltal þeirra sem tóku sömu afstöðu í hinum aldurshópunum (70%). Þá er ljóst að fleiri á aldrinum 18-29 ára nálgast fréttir á samfélagsmiðlum en hefðbundnum fréttamiðlum á netinu deginum fyrir könnun.

Miðlar sem 18-29 ára notuðu deginum áður til að nálgast fréttir



Eldra fólk notar sjónvarp og útvarp frekar til að nálgast fréttir en þeir sem yngri eru

Alls sögðust 93,6% aðspurðra á aldrinum 60 ára og eldri hafa notað sjónvarp síðast deginum fyrir könnun til að nálgast fréttir. Fylgni var á milli áhorfs á sjónvarpsfréttir og hækkandi aldurs, þar sem 67,6% í hópi 50-59 ára horfðu síðast deginum áður, 59,3% í hópi 40-49 ára, 45,5% í hópi 30-39 ára og 35,7% í hópi 18-29 ára. Þá var einnig fylgni milli hækkandi aldurs og notkunar á útvarpi til fréttaneyslu. Alls sögðust 88,2% í hópi 60 ára og eldri hafa hlustað á útvarp síðast deginum fyrir könnun til að nálgast fréttir. Hlutfallið var lægra í hinum aldurshópunum, en 70,5% í hópi 50-59 ára, 67,7% í hópi 40-49 ára, 59,3% í hópi 30-39 ára og aðeins 36,4% þátttakenda á aldrinum 18-29 ára sögðu slíkt hið sama. Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar eftir kyni kemur í ljós að karlar nálgast fréttir í sjónvarpi og útvarpi frekar en konur. Alls hlustuðu 69,2% karla á útvarpsfréttir deginum fyrir könnun en 60,9% kvenna og 65,3% karla horfðu á sjónvarpsfréttir samanborið við 57,4% kvenna.


Þrefalt fleiri nálgast fréttir á samfélagsmiðlum heldur en í dagblöðum

Tæpur fjórðungur (23,3%) aðspurðra sagðist hafa nálgast fréttir í dagblöðum deginum fyrir könnun. Eru það rúmlega tvöfalt færri en sögðust nálgast fréttir í sjónvarpi (61,4%) og útvarpi (65,1%), og meira en þrefalt færri en sögðust hafa nálgast þær á samfélagsmiðlum (72,1%) og á fréttamiðlum á netinu (88,2%). Þá notuðu 60 ára og eldri dagblöð í mun ríkari mæli en aðrir aldurshópar en tæpur helmingur þeirra, eða 48,3%, sagðist hafa að nálgast fréttir deginum fyrir könnun í dagblaði. Notkun dagblaða til fréttalesturs fór lækkandi með lægri aldri en 25,4% þátttakenda á aldrinum 40-59 ára og 9,1% úr hópi 18-39 ára sögðust hafa lesið dagblað til að nálgast fréttir deginum fyrir könnun.

Karlar nota hlaðvörp oftast til að nálgast fréttir en konur

Alls höfðu 17,1% aðspurðra notað hlaðvarp deginum fyrir könnun til að nálgast fréttir. Töluverður munur var á milli kynja þegar kom að notkun hlaðvarpa til fréttatöflunar en rúmlega tvöfalt fleiri karlar en konur sögðust hafa notað hlaðvarp deginum áður til að nálgast fréttir, eða 23,4% samanborið við 10,5%. Þá sögðust 66,3% kvenna sjaldan eða aldrei nota hlaðvarp til að nálgast fréttir en hlutfall karla sem tók sömu afstöðu var 48,6%.

Á hvaða fjölmiðlum nálgast þú fréttir?




Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Flestir nálgast fréttir á netfréttamiðlinum Vísir.is

Netmiðlarnir Vísir.is (78,4%), Mbl.is (68%) og Rúv.is (61%) voru þeir fjölmiðlar sem flestir þátttakendur sögðust nota til að nálgast fréttir. Rúmlega helmingur (52,6%) sagðist nálgast fréttir á öðrum miðlum Ríkisútvarpsins, þ.e. Rúv, Rás1 og/eða Rás2, og rúmur þriðjungur (34,1%) sagðist nota Stöð 2 og/eða Bylgjuna í sama tilgangi. Alls sögðust 23,2% nálgast fréttir á Dv.is, 19,3% í Morgunblaðinu og 19,1% á Heimildin.is. Þá voru 16,1% sem nálgðuðust fréttir í Bændablaðinu og 8,2% í Viðskiptablaðinu og/eða á Vb.is. Fæstir nálgðuðust fréttir á miðlum Samstöðvarinnar (4%), K100 (3,4%), Mannlíf.is (3,3%), Útvarpi Sögu (1,5%), Fréttin.is (1%) og Nútíminn.is (0,6%). Þá sagðist rétt rúmlega fjórðungur, eða 25,7%, nálgast fréttir á samfélagsmiðlum og 4,3% á öðrum ótilgreindum fjölmiðlum.

Notar þú einhvern af eftirfarandi **staðbundnu** miðlum til að nálgast fréttir?



Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Flestir nálguðust fréttir á Akureyri.net af staðbundnum miðlum

Þátttakendur voru einnig spurðir hvaða staðbundnu miðla þeir notuðu til að nálgast fréttir. Alls sögðust 23,2% þátttakenda nota Akureyri.net en þar á eftir kom Skessuhorn (15%), Bæjarins besta/bb.is (14,2%) og Víkurfréttir (14%). Þá sögðust 12,7% nota Austurfrétt/Austurgluggann, 11,2% sögðu Víkublaðið, 8,9% Feyki og 6,4% sögðust nota Eyjafréttir. Fæstir sögðust nota Tígul (4,7%), DB blaðið (1,6%) og Bæjarblaðið Jökul (0,9%) til að nálgast fréttir. Athygli vekur að tæpur fjórðungur þátttakenda, eða 24%, sagðist nota aðra miðla en var boðið upp á í svarmöguleikunum. Eðli málsins samkvæmt var búseta þátttakenda lykilbreyta í þessu samhengi og nota þeir helst þann miðil sem staðsettur er í þeirra landshluta til að nálgast fréttir. Bæjarins besta/bb.is og Skessuhorn voru vinsælustu staðbundnu miðlarnir meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Misræmi á milli svara


Nokkuð misræmi er á milli svara eftir því á hvaða miðlum þátttakendur segjast nálgast fréttir og hvenær þeir kváðust hafa nota þá síðast í þeim tilgangi. Rúm 70% sögðust hafa notað samfélagsmiðla til að nálgast fréttir deginum fyrir könnun. Hins vegar þegar þátttakendur voru spurðir á hvaða miðlum þeir nálgast fréttir sagðist aðeins um fjórðungur (25,7%) þeirra nota samfélagsmiðla. Þetta misræmi mætti hugsanlega skýra þannig að þátttakendur átti sig ekki á hve mikil fréttaneysla þeirra raunverulega er á samfélagsmiðlum fyrr en þeir eru beðnir um að staðsetja það í tíma hvenær þeir nálguðust fréttir á hinum og þessum miðlum. Ástæða er til að leggja meira traust á niðurstöður fyrri spurningarinnar, þar sem hún gefur raunverulegt svar um hvenær þátttakendurnir nálguðust fréttir síðast en seinni spurningin spyr frekar um tilfinningu þátttakandans um hvar hann almennt sækir fréttir.

Óháðir fjölmiðlar

Meirihluti sammála að miðlar Ríkisútvarpsins og Sýnar séu óháðir í sinni umfjöllun

Yfir helmingur þátttakenda sagðist vera annað hvort nokkuð eða mjög sammála því að miðlar Ríkisútvarpsins, þ.e. Rúv, Rás1, Rás2 og Rúv.is, og Sýnar, þ.e. Vísir.is, Stöð2 og Bylgjan, væru óháðir pólitískum, efnahagslegum eða öðrum sérhagsmunum þegar þeir fjalla um samfélagið og umheiminn. Þá var tæplega helmingur sammála því að Heimildin.is (47,9%), Bændablaðið (47,2%) og K100 (43,5%) séu óháðir í sinni umfjöllun. Um þriðjungur var sammála í tilfelli Dv.is (36,7%), Mbl.is (33,3%), Viðskiptablaðsins (30,8%), Morgunblaðsins (29,9%), Nútímans (29,7%) og Mannlífs.is (27,1%). Færri voru sammála því að Fréttin.is (22,9%), Samstöðin.is (20,8%) og Útvarp Saga (15,3%) væru óháðir í sinni umfjöllun. Þá sögðust 29,3% vera sammála því að samfélagsmiðlar væru óháðir pólitískum, efnahagslegum eða öðrum sérhagsmunum þegar þeir fjalla um samfélagið og umheiminn.

Hversu sammála eða ósammála ertu því að eftirfarandi fjölmiðlar séu **óháðir pólitískum, efnahagslegum eða öðrum sérhagsmunum** þegar að þeir fjalla um samfélagið og umheiminn?




● Mjög sammála
 ● Nokkuð sammála
 ● Nokkuð ósammála
 ● Mjög ósammála

Miklar sveiflur eftir stjórnmálaskoðunum


Töluverður munur er milli hægri- og vinstrisinnaðra þátttakenda þegar að kemur að því að meta hvaða miðlar eru óháðir pólitískum, efnahagslegum eða öðrum sérhagsmunum í umfjöllun. Sem dæmi má nefna að 83% vinstrisinnaðra telja sjónvarps- og útvarpsmiðla Ríkisútvarpsins, þ.e. Rúv/Rás1/Rás2, óháða í sinni umfjöllun. Hlutfall hægrimanna sem tók sömu afstöðu var hins vegar aðeins 36,5%. Niðurstöður fyrir þátttakendur með stjórnmálaskoðanir fyrir miðju eru lítið frábrugðnar myndinni fyrir meðaltal allra sem birtist hér á fyrri síðu. Hér fyrir neðan eru tvær myndir: annars vegar mat vinstrisinnaðra á fullyrðingunni um íslenska fjölmiðla og hins vegar mat hægrisinnaðra.

Svör flokkuð eftir stjórnmálaskoðun: **Vinstri**



Mjög sammála Nokkuð sammála Nokkuð ósammála Mjög ósammála

Svör flokkuð eftir stjórnmálaskoðun: **Hægri**




Gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum er forsenda þess að almenningur geti tekið afstöðu til þeirra upplýsinga, hugmynda og skoðana sem birtast í fjölmiðlum og er þannig lykilþáttur í því að efla lýðræðislega þátttöku og miðlalæsi almennings. Fjölmiðlanefnd annast eftirlit með skráningarskyldu, veitir leyfi til hljóð- og myndmiðlunar og tryggir að lögboðnar upplýsingar um allar fjölmiðlaveitur séu til staðar. Lista yfir eignarhald fjölmiðla má finna inni á heimasíðu Fjölmiðlanefndar: www.fjolmidlanefnd.is.

Traust

Yngra fólk ber meira traust til fjölmiðla á Íslandi en þeir sem eldri eru

Alls sögðust 35% aðspurðra bera annað hvort mjög mikið eða fremur mikið traust til fjölmiðla á Íslandi, sem er rúmlega 5% aukning frá árinu 2022. Tæpur helmingur, eða 47,5%, sagði traust sitt til fjölmiðla vera í meðallagi og 17,5% sögðust bera annað hvort fremur lítið eða mjög lítið traust til þeirra. Ekki var mikill munur á afstöðu kynjanna en greina má kynslóðabil þegar svör eru skoðuð með tilliti til aldurs. Yngsti aldurshópurinn sker sig úr en rúmur helmingur þátttakenda (52,6%) á aldrinum 18-29 ára kvaðst bera mjög mikið eða fremur mikið traust til fjölmiðla á Íslandi. Hlutfallið meðal 30 ára og eldri var sem tóku sömu afstöðu var hins vegar aðeins 30,1%.

Hversu mikið eða lítið traust berðu til...



Mismikið traust til fjölmiðla á Íslandi eftir stjórnmálaskoðun

Hægrisinnaðir báru minna traust til fjölmiðla á Íslandi en vinstrisinnaðir og þeir sem staðsetja sig fyrir miðju. Alls sögðust 29% hægrisinnaðra bera annað hvort fremur mikið eða mjög mikið traust til fjölmiðla en hlutfallið var 38,7% á meðal vinstrimanna og 37,9% á meðal þeirra sem staðsetja sig fyrir miðju. Kjósendur Miðflokksins (36,8%), Sósíalistaflokksins (28,9%) og Sjálfstæðisflokksins (23,4%) voru líklegastir til að bera annað hvort fremur lítið eða mjög lítið traust til fjölmiðla á Íslandi. Hins vegar voru kjósendur Viðreisnar (52,5%), Samfylkingarinnar (44,2%) og Vinstri grænna (44%) líklegastir til þess að bera annað hvort fremur mikið eða mjög mikið traust til fjölmiðla á Íslandi.

Rúmur helmingur ber lítið traust til samfélagsmiðla

Alls sögðust 54,3% þátttakenda bera annað hvort fremur lítið eða mjög lítið traust til samfélagsmiðla. Aðeins 6,9% sögðust bera mikið traust til samfélagsmiðla og af þeim sögðust aðeins 0,7% bera mjög mikið traust til þeirra. Niðurstöðurnar standa nánast í stað frá árinu 2022. Þátttakendur í yngsta og elsta aldurshópnum bera mest traust til samfélagsmiðla af öllum aldurshópnum en 10,5% þátttakenda á aldrinum 18-29 ára báru annað hvort fremur mikið eða mjög mikið traust til samfélagsmiðla og 8,2% í aldurshópnum 60 ára og eldri. Hlutfall þeirra sem tóku sömu afstöðu í hinum aldurshópnum (30-59 ára) var að meðaltali 5%. Samfélagsmiðlar eru þá ekki aðeins sá miðill sem yngsti aldurshópurinn notar mest til að nálgast fréttir heldur einnig er hópurinn sá sem ber mest traust til þeirra.

Traust til dómstóla á Íslandi eykst, sérstaklega á meðal kvenna

Tæpur hellingur svarenda, eða 47,4%, sögðust bera annað hvort fremur eða mjög mikið traust til dómstóla á Íslandi en það er tæplega 15% hækkun frá árinu 2022. Alls sögðust 20,8% bera annað hvort fremur eða mjög lítið traust til dómstóla á Íslandi og 31,8% sögðu traust sitt til þeirra vera í meðallagi. Kynjamun má sjá á svörum þátttakenda en 52,8% karla sögðust bera mikið traust til dómstóla á Íslandi samanborið við 41,7% kvenna. Traust kvenna til dómstóla hefur þó aukist töluvert en árið 2022 sögðust aðeins 28,9% kvenna bera mikið traust til þeirra. Þá má einnig sjá fylgni á milli heimilistekna þátttakenda og trausts þeirra til dómstóla. Þeir sem voru með hærri tekjur sögðust bera meira traust til dómstóla en þátttakendur með lægri tekjur. Aðeins 34,4% þátttakenda með tekjur undir 799 þúsund krónur sögðust bera mikið traust til dómstóla en 57,3% þeirra sem höfðu tekjur yfir 1.200 þúsund krónur tóku sömu afstöðu.


Fjórðungur ber lítið traust til ókunnugra á Íslandi

Svör þátttakenda við spurningunni „hversu mikið eða lítið traust berð þú til fólks sem þú þekkir ekki á Íslandi“ skiptast jafnt. Tæpur fjórðungur þátttakenda, eða 24,1%, sagðist bera lítið traust til ókunnugra á Íslandi og sama hlutfall bera mikið traust til þeirra (24,1%). Flestir sögðu traust sitt til fólks sem það þekkir ekki á Íslandi vera í meðallagi (51,9%). Þá sögðust 27,6% karla bera mikið traust til fólks sem það þekkir ekki en 20,3% kvenna. Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til menntunar má sjá að háskólamenntaðir (31,3%) voru líklegri til að bera mikið traust til ókunnugra á Íslandi en þeir sem höfðu aðeins framhaldsskólapróf/iðnmenntun (22,6%) eða grunnskólapróf (15,1%).

Kjósendur Flokks fólksins bera minnst traust til fólks sem það þekkir ekki

Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til flokkshollustu skera kjósendur Flokks fólksins sig úr en 44,7% þeirra sögðust bera lítið traust til fólks sem það þekkir ekki á Íslandi. Þá tóku 29,1% kjósenda Miðflokksins og 28,8% kjósenda Pírata sömu afstöðu. Kjósendur Vinstri grænna og Framsóknarflokksins báru mest traust til ókunnugra á Íslandi en tæpur helmingur (46,3%) kjósenda Vinstri grænna sagðist bera annað hvort fremur mikið eða mjög mikið traust til fólks sem þeir þekkja ekki á Íslandi og tæpur þriðjungur (31,2%) kjósenda Framsóknarflokksins.


Hversu mikils eða lítils öryggis finnur þú til á almannafæri á Íslandi?



Konur finna fyrir minna öryggi á almannafæri en karlar

Yfirgnæfandi meirihluti aðspurðra, eða 76%, sagðist annað hvort finna fyrir fremur miklu eða mjög miklu öryggi á almannafæri en niðurstöðurnar haldast nánast óbreyttar frá árinu 2022. Munur er á upplifun kynjanna en 80,6% karla segjast finna fyrir miklu öryggi á almannafæri samanborið við 71% kvenna. Þá finna tæplega tvöfalt fleiri karlar (33,6%) fyrir mjög miklu öryggi á almannafæri en konur (17,8%). Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til heimilistekna má sjá að tekjulægsti hópurinn finnur fyrir minnstu öryggi á almannafæri en tveir tekjuhæstu hóparnir fyrir mestu. Alls sögðust 16,6% þátttakenda með heimilistekjur undir 550.000 krónum finna fyrir annað hvort fremur litlu eða mjög litlu öryggi á almannafæri en meðalhlutfall þeirra sem höfðu hærri tekjur og tóku sömu afstöðu var aðeins 3,7%.

Almennt séð hversu ánægð(ur/t) eða óánægð(ur/t) ertu með hvernig lýðræðið virkar á Íslandi?



Meirihluti ánægður með hvernig lýðræðið virkar á Íslandi


Þegar þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með hvernig lýðræðið virkar á Íslandi sögðust 71,2% fremur ánægð eða mjög ánægð. Mikil fjölgun var á milli ára á meðal þeirra sem sögðust mjög ánægð en hlutfallið var 42% samanborið við einungis 11,4% árið 2022. Þá sögðust alls 15,1% vera annað hvort fremur eða mjög óánægð með hvernig lýðræðið virkar hér á landi og af þeim voru aðeins 3,8% sem sögðust mjög óánægð. Ber þá að nefna að svarmöguleikinn „Í meðallagi“ var ekki valkostur í könnun ársins 2022 en 13,7% hökuðu við hann árið 2024. Þannig er útkoman úr þessari tilteknu spurningu ekki sambærileg við niðurstöður sömu spurningar frá fyrri könnun nema að takmörkuðu leyti. Þá ber einnig að nefna að könnunin fór fram tiltölulega skömmu fyrir kosningar árið 2024 og gæti hafa haft áhrif á það hvernig þátttakendur svöruðu.

Falsfréttir og hatursfull ummæli

Rúmlega 70% urðu vör við falsfréttir

Alls sögðust 75,8% þátttakenda hafa rekist á upplýsingar á netinu sem þeir voru ekki vissir um að væru sannar sl. 12 mánuði en það er tæplega 7% hækkun frá árinu 2022. Hlutfall þeirra sem urðu varir við falsfréttir jókst einnig en 71% aðspurðra kváðust hafa séð falsfréttir, fengið þær sendar eða rekist á þær með öðrum hætti á netinu á síðustu 12 mánuðum sem er 12,3% aukning frá árinu 2022. Þá sagðist tæpur fjórðungur (24,6%) hafa myndað sér ranga skoðun á opinberri persónu, t.d. stjórnmálamanni eða frægri manneskju, vegna villandi upplýsinga um hana á ýmsum miðlum, sem er sömuleiðis hækkun frá árinu 2022. Á móti lækkar hlutfall þeirra sem sögðust ekki hafa upplifað neitt af ofantöldu úr 20% niður í 13,9%, á milli kannana.

Hvað af eftirtöldu hefur þú upplifað á netinu á síðustu 12 mánuðum?




Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Eldra fólk verður síður vart við falsfréttir á netinu

Þegar svör þátttakenda eru skoðuð með tilliti til aldurs kemur í ljós töluvert kynslóðabil. Þátttakendur sem tilheyrðu yngsta aldurshópnum, 18-29 ára, sögðust oftast allra (86,3%) hafa rekist á upplýsingar á netinu sem þeir voru ekki vissir um að væru sannar. Hins vegar sögðust þátttakendur úr elsta aldurshópnum, 60 ára og eldri, sjaldnast hafa rekist á slíkar upplýsingar (63,5%). Hlutfallið meðal þátttakenda úr hinum aldurshópnum (30-59 ára) var að meðaltali 77,1%. Þá skera þátttakendur úr aldurshópnum 60 ára og eldri sig einnig úr þegar kemur að falsfréttum en aðeins um helmingur þeirra (52,6%) sagðist hafa orðið var við falsfréttir á netinu sl. 12 mánuði. Til samanburðar var hlutfallið meðal þátttakenda á aldrinum 18-59 ára 76,7%.

		Rekist á upplýsingar sem ég var ekki viss að væru sannar	Séð falsfréttir, fengið þær sendar eða rekist á þær með öðrum hætti	Myndað mér ranga skoðun á opinberri persónu (t.d. stjórnmálamanni eða frægri mannesku) vegna villandi upplýsinga um hana á ýmsum ...	Ekkert af ofangreindu
Allir		(932) 75,8%	71,0%	24,6%	13,9%
Kyn	Karl	(480) 76,5%	74,0%	24,6%	11,6%
	Kona	(451) 75,2%	67,8%	24,5%	16,3%
Aldur	18-29 ára	(190) 86,3%	78,2%	29,8%	11,6%
	30-39 ára	(198) 78,6%	76,4%	29,6%	10,8%
	40-49 ára	(170) 79,8%	78,4%	27,4%	10,4%
	50-59 ára	(148) 72,9%	73,9%	20,9%	11,6%
	60 ára og eldri	(225) 63,5%	52,6%	15,9%	22,7%
Menntun	Grunnskólapróf	(191) 72,0%	69,9%	22,3%	13,5%
	Framhaldsskólapróf/lón...	(361) 71,4%	65,6%	26,3%	18,8%
	Háskólapróf	(360) 83,3%	76,7%	23,9%	8,9%

Rifjaðu upp síðasta skipti sem þú rakst á frétt á netinu og dróst þá ályktun að hún væri röng eða um falsfrétt væri að ræða. Gerðir þú eitthvað af eftirtöldu?



Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.


Fleiri bregðast við falsfréttum eða röngum upplýsingum á netinu

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir gerðu eitthvað þegar þeir rákust síðast á frétt á netinu og drógu þá ályktun að hún væri röng eða að um falsfrétt væri að ræða. Tæpur helmingur (45,7%) kannaði aðrar heimildir sem hann treysti og tæpur þriðjungur (31,4%) sló efni fréttarinnar inn í leitarvél til að kanna hvort hún væri sönn. Rúmur fjórðungur (26,9%) skoðaði aðrar fréttir sem birtar höfðu verið á vefmiðlinum en 16,7% blokkuaði vefsíðuna eða þann sem sendi fréttina eða deildi henni. Alls könnuðu 11,8% vefsíð/URL, https eða IP-tölu viðkomandi vefmiðils, 9,5% könnuðu upplýsingar um eigendur/ritstjórn vefmiðilsins, 9,2% leituðu ráða hjá öðrum og 7,9% könnuðu hvort fréttin væri sönn með aðstoð staðreyndarvaktar. Þá var rúmur fjórðungur (25,6%) sem gerði ekkert en það er töluverð fækkun frá árinu 2022 þegar 43,2% kváðust ekki hafa gert neitt. Ber þá að nefna að hlutfallið hækkaði í öllum svarmöguleikumunum frá árinu 2022 nema í „gerði ekkert“ sem bendir til þess að þrátt fyrir að fleiri verði varir við vafasamar upplýsingar eða falsfréttir á netinu, virðast fleiri bregðast við slíku en áður.

Elsti aldurshópurinn sá sem oftast gerði ekkert til að bregðast við falsfréttum

Þátttakendur í aldurshópnum 60 ára og eldri sögðust oftast allra ekki hafa gert neitt þegar þeir urðu varir við frétt sem þeir töldu ranga eða að um falsfrétt væri að ræða. Alls voru 37,2% þátttakenda í þeim aldurshópi sem sögðust ekki hafa gert neitt til að bregðast við falsfréttum og voru það algengustu viðbrögð þessa aldurshóps, ásamt því að kanna aðrar heimildir (37,1%). Töluverður munur er á viðbrögðum þessa aldurshóps og þeirra sem yngri eru en meðalhlutfall þátttakenda 59 ára og yngri sem kváðust ekki hafa gert neitt þegar þeir rákust á frétt sem þeir töldu ranga eða að um falsfrétt væri að ræða var aðeins 22,2%.

Hverju af eftirtöldu hefur þú tekið eftir/upplifað af eigin raun á netinu á síðustu 12 mánuðum?



Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Um þriðjungur orðið var við eða upplifað hattursfull ummæli af eigin raun á netinu


Tæpur þriðjungur (30,1%) aðspurðra sagðist hafa tekið eftir eða upplifað hattursfull ummæli af eigin raun á netinu á síðustu 12 mánuðum. Um helmingi færri, eða 15%, sögðust hafa tekið eftir eða upplifað einelti eða ögrun af eigin raun á netinu. Þá höfðu 12,8% tekið eftir eða upplifað hótanir um ofbeldi og 8,6% að einhver hafi hæðst að eða ögrað sér í umræðum/athugasemdakerfum. Meirihluti þátttakenda (64,8%) kváðst þó ekki hafa upplifað neitt af þessu á síðustu 12 mánuðum.

Yngri notendur frekar varir við hatursfull ummæli og hótanir um ofbeldi en eldri

Yngri svarendur höfðu frekar orðið varir við hatursfull ummæli og hótanir um ofbeldi en þeir sem eldri eru. Alls sögðust 37,8% á aldrinum 18-39 ára hafa tekið eftir eða upplifað af eigin raun hatursfull ummæli á netinu, en hlutfallið var 25,4% á meðal 40 ára og eldri. Sama mynstur kom fram þegar spurt var um hótanir um ofbeldi á netinu en mun fleiri á aldrinum 18-39 ára (20%) höfðu orðið varir við slíkt heldur en þeir sem voru 40 ára eða eldri (8,2%).

		Hatursfull ummæli		Einelti eða ógrun		Hótanir um ofbeldi		Að einhver hafi hæðst að mér eða umræðum/athugasemdakerfum ögrað mér í		Ekkert af þessu	
Allir		(927)	30,1%		15,0%		12,8%		8,6%		64,8%
Kyn	Karl	(472)	30,3%		15,1%		10,4%		9,8%		64,3%
	Kona	(455)	29,9%		14,9%		15,2%		7,3%		65,4%
	18-29 ára	(188)	38,1%		14,4%		22,2%		10,1%		57,9%
	30-39 ára	(196)	37,4%		20,1%		17,7%		12,3%		56,5%
	40-49 ára	(169)	32,3%		17,5%		13,9%		10,6%		61,8%
	50-59 ára	(146)	25,2%		15,4%		7,3%		8,5%		69,8%
Aldur	60 ára og eldri	(229)	18,8%		8,9%		3,4%		2,7%		76,6%

Hefur þú á síðustu 12 mánuðum gert eitthvað af eftirfarandi til að bregðast við hatursfullum ummælum, einelti eða áreitni á netinu?




Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Flestir bregðast við hatursfullum ummælum, einelti eða áreitni á netinu með því að blokka einstaklinga

Allir þátttakendur fengu þessa spurningu og þar með líka þeir sem kváðust ekki hafa upplifað neitt slíkt á netinu. Því er eðlilegt að stærstur hluti hafi ekki gert neitt til að bregðast við. Af þeim sem brugðust við sögðust flestir hafa gert það með því að blokka einstaklinga (27,7%). Aðrir brugðust við með því að vara aðra við viðkomandi einstakling (8,4%) eða með því að eyða miðlum eða smáforritum (8,4%). Fæstir brugðust við með að hafa samband við þá sem báru ábyrgð á hótunum, eineltinu, áreitninni o.s.frv. (2%) eða með því að kæra viðkomandi til yfirvalda (1,6%).

Hefur ögrun/háð haft áhrif á þátttöku þína í umræðum á netinu?




Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Fleiri draga sig úr umræðum á netinu vegna ögrana og/eða háðs

Ögranir og/eða háð hefur haft neikvæð áhrif á þátttöku rúmlega helming (50,4%) svarenda í umræðum á netinu en hlutfallið hækkar um rúm 7% milli kannana. Alls sagðist tæpur fjórðungur (24,4%) hafa brugðist við með þeim hætti að vera varkárari í að lýsa skoðunum sínum á netinu, 22,9% hættu að taka þátt í umræðum á netinu og 14,9% ákváðu að taka frekar þátt í umræðum í lokuðum hópum. Konur voru líklegri en karlar til að segja ögrun og/eða háð hafa haft neikvæð áhrif á þátttöku þeirra í umræðum á netinu. Þá voru þátttakendur í yngsta og elsta aldurshópnum sömuleiðis líklegri en þátttakendur í öðrum aldurshópum til að taka sömu afstöðu. Það er áhyggjuefni að hlutfall fólks í samfélaginu sem upplifir óöryggi í umræðum á netinu og dragi sig að einhverjum hluta til hlés fari hækkandi. Með því skapast hættan á því að samtalið á netinu endurspegli ekki samfélagið sem heild því hluti fólks treystir sér ekki til þess að taka þátt.

Upplýsingaóreiða

Í hversu miklum mæli ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum?




● Mjög sammála
 ● Að hluta til sammála
 ● Lítið sammála
 ● Alls ekki sammála

Yfirgnæfandi meirihluti telur loftslagsbreytingar tilkomnar af mannavöldum

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni „loftslagsbreytingar eru tilkomnar af mannavöldum“ sagðist meirihluti, eða 82,4%, vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála, en hlutfallið lækkar um tæp 6% frá árinu 2022. Töluverður munur var á afstöðu þátttakenda eftir kyni en 91,6% kvenna kvaðst vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni samanborið við 74,1% karla. Þá má einnig greina kynslóðabil því alls sögðust 95,7% á aldrinum 18-29 ára vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni en hlutfall 50 ára og eldri sem tóku sömu afstöðu var 73,2%. Menntun var einnig lykilbreyta en þátttakendur sem höfðu háskólapróf (91,7%) voru líklegri til að vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni en þeir sem höfðu framhaldsskólapróf/iðmenntun (76,4%) eða grunnskólapróf (75,9%).


„Loftslagsbreytingar eru tilkomnar af mannavöldum“



Munur á afstöðu til loftslagsbreytinga eftir stjórnmálaskoðun

Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til stjórnmálaskoðana kemur í ljós að vinstrisinnaðir og miðjumenn eru oftast sammála fullyrðingunni en hægrisinnaðir. Alls sögðust 95% vinstrimanna og 85% miðjumanna vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni. Hlutfall hægrimanna sem tók sömu afstöðu var hins vegar 66,4%. Ef lítið er til einstakra stjórnmálaflokka kemur í ljós að kjósendur Miðflokksins eru oftast ósammála fullyrðingunni, en tæpur fjórðungur þeirra (23,9%) sagðist alls ekki sammála fullyrðingunni. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins koma þar á eftir en 13,9% þeirra tóku sömu afstöðu. Á móti voru kjósendur Vinstri grænna (89%) og Pírata (86,3%) líklegastir til að vera mjög sammála fullyrðingunni.


„Stjórnavöld á Íslandi byggðu sóttvarnaraðgerðir sínar á bestu mögulegu rannsóknum sem voru fyrir hendi á hverjum tíma“



Meirihluti telur sóttvarnaraðgerðir byggðar á bestu mögulegu rannsóknum

Mikill meirihluti (89,8%) kvaðst vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni. Niðurstöðunum svipar mjög til þeirra frá árinu 2022 en hlutfallið lækkar örlítið, eða um 3,4%, milli kannana. Þá var ekki mikill munur á afstöðu til fullyrðingarinnar eftir aldri, kyni eða menntun. Hins vegar þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til stjórnmálaskoðana kemur í ljós að vinstrisinnaðir voru líklegri til að vera sammála fullyrðingunni en hægrisinnaðir. Hlutfall hægrisinnaðra sem var að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni var 80,8% samanborið við 97,1% vinstrimanna og 91,2% miðjumanna.


„Fjölmiðlar halda ítrekað mikilvægum upplýsingum frá almenningi“



Yfir þriðjungur telur fjölmiðla ítrekað halda mikilvægum upplýsingum frá almenningi

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni „fjölmiðlar halda ítrekað mikilvægum upplýsingum frá almenningi“ sögðust 39% þeirra að hluta til eða mjög sammála. Rúmur fjórðungur, eða 25,6%, sagðist alls ekki sammála og 35,4% sögðust lítið sammála fullyrðingunni. Háskólamenntaðir voru í ríkari mæli ósammála fullyrðingunni en þeir sem höfðu grunnskólapróf eða framhaldspróf/iðmenntun. Þá var einnig munur á afstöðu hægrisinnaðra og vinstrisinnaðra í þessu samhengi en tæpur helmingur hægrisinnaðra, eða 48,3%, var annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni samanborið við 31,1% vinstrisinnaðra og 37,9% miðjumanna.

„Verið er að grafa undan norrænum og kristnum gildum með því að beina hingað vísvitandi straumi flóttamanna frá Miðausturlöndum“




40% telja að flóttamannastraumur grafi undan norrænum og kristnum gildum

Alls voru 39,7% þátttakenda annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni en hlutfallið hefur hækkað um 16,3% frá árinu 2022 þegar aðeins 23,4% tóku sömu afstöðu. Eldri svarendur voru oftarmikilvægum fullyrðingunni en þeir yngri og skáru elstu tveir hóparnir sig sérstaklega úr. Yfir helmingur (54,6%) þátttakenda úr hópi 50 ára og eldri sögðust vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni. Hlutfallið á meðal 49 ára og yngri sem tók sömu afstöðu var hins vegar 29%. Þá voru karlar (49,7%) líklegri til að segja vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni heldur en konur (28,8%). Að sama skapi voru þátttakendur með lægra menntunarstig líklegri til að vera sammála fullyrðingunni heldur en þeir sem voru hærra menntunarstig.

Afgerandi munur á afstöðu til móttöku flóttamanna eftir stjórnmálaskoðun

Skýr munur er á afstöðu hægri- og vinstriannaðra til fullyrðingarinnar um að vísitandi sé verið að grafa undan norrænum og kristnum gildum með því að beina flóttafólki frá Miðausturlöndum til Íslands. Alls sögðust 69,2% hægrisinnaðra vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni en tæplega sjöfalt færri, eða 10%, vinstriannaðra tóku sömu afstöðu. Þá voru þrír af hverjum fjórum (75,3%) vinstrimönnum alls ekki sammála fullyrðingunni en aðeins 14,9% hægrimanna. Mikill munur var á afstöðu þátttakenda eftir því hvaða kjósendahópi þeir tilheyrðu og ljóst að viðfangsefnið skiptir fólki í fylkingar. Alls voru 86,4% kjósenda Miðflokksins annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni. Afstaða kjósenda Sjálfstæðisflokksins var einnig skýr en 70,1% þeirra svöruðu á sama hátt. Kjósendur Pírata, Vinstri grænna og Sósíalistaflokksins voru í ríkasta mæli ósammála fullyrðingunni. 93,4% kjósenda Pírata, 84,1% kjósenda Vinstri grænna og 83,6% kjósenda Sósíalistaflokksins sögðust alls ekki sammála fullyrðingunni.


„Djúpríkið er meinsemd sem hefur grafið um sig í íslensku stjórnkerfi“



Rúm 40% telja djúpríkið meinsemd sem grafið hefur um sig í íslensku stjórnkerfi

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni „Djúpríkið er meinsemd sem hefur grafið um sig í íslensku stjórnkerfi“ sögðust 41,1% vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni en hlutfallið hækkaði um 6,4% frá árinu 2022. Athygli vekur að tveir elstu aldurshóparnir voru í ríkasta mæli (52%) sammála fullyrðingunni en hins vegar tóku þátttakendur í yngstu tveimur aldurshópunum sjaldnast þá afstöðu (29,2%). Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til menntunar má sjá að þátttakendur með grunnskólapróf (56,2%) og framhaldsskólapróf/iðnmenntun (45,4%) voru oftast sammála henni en þeir sem höfðu háskólapróf (28,9%). Þá voru þeir sem staðsetja sig fyrir miðju (45,8%) oftast mjög eða að hluta til sammála fullyrðingunni en hægri- (36%) og vinstriannaðir (40,3%).


„Það er mikilvægt að almenningur geti felld dóma inn á samfélagsmiðlum um mál sem lögreglan og dómstólar á Íslandi sinna ekki“



Um fjórðungur telur mikilvægt að almenningur geti felld dóma inn á samfélagsmiðlum

Flestir voru ósammála fullyrðingunni (48,5%) eða lítið sammála henni (24,3%) og héldust niðurstöðurnar nánast óbreyttar frá árinu 2022. Eldri þátttakendur voru oftari ósammála fullyrðingunni en yngri, en 54,8% þátttakenda úr aldurshópi 50 ára og eldri voru alls ekki sammála samanborið við 40,5% þátttakenda á aldursbilinu 18-39 ára.


„Íslensku heilbrigðiskerfi er ekki hægt að treysta sökum tengsla við stór og alþjóðlega fyrirtæki“



Fæstir á því að íslensku heilbrigðiskerfi sé ekki treystandi sökum alþjóðatengsla

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni „Íslensku heilbrigðiskerfi er ekki hægt að treysta sökum tengsla við stór alþjóðleg fyrirtæki“ sagðist meirihluti ósammála henni en 85,5% sögðust vera annað hvort lítið eða alls ekki sammála. Ekki var að sjá afgerandi mun á svörum eftir kyni eða aldri en sé lítið til menntunarstigs má sjá að þeim mun lægra menntunarstig sem þátttakendur höfðu þeim mun líklegri voru þeir til að vera sammála fullyrðingunni. Um þriðjungur (33,9%) þátttakenda sem höfðu einungis grunnskólapróf sögðust vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni. Hlutfall þeirra sem höfðu framhaldsskólapróf/iðmenntun og háskólapróf var hins vegar mun lægra eða 13,3% og 5,8%.

„NATO þjóðir bera ábyrgð á innrásinni í Úkraínu með því að ögra Rússum“



Meirihluti ósammála því að NATO þjóðir beri ábyrgð á innrás Rússa í Úkraínu

Þátttakendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni „NATO þjóðir bera ábyrgð á innrásinni í Úkraínu með því að ögra Rússum“. Langflestir, eða 84,6%, sögðust vera annað hvort lítið sammála eða ósammála. Þar af voru u.þ.b. þrír af hverjum fimm sem sögðust alls ekki vera sammála fullyrðingunni. Hlutfall þeirra sem voru annað hvort að hluta til eða mjög sammála henni var 15,4% og jókst um 4,6% frá könnunni 2022. Þegar að afstaða þátttakenda er skoðuð eftir menntunarstigi kemur í ljós að þeir sem hafa lokið grunnskólaprófi eru í ríkari mæli sammála fullyrðingunni en þeir sem hafa hærra menntunarstig.

Miðflokksmenn helst sammála því að NATO þjóðir beri ábyrgð á innrás Rússa í Úkraínu

Séu niðurstöðurnar skoðaðar með tilliti til stjórnmálaskoðana kemur í ljós að hægrisinnaðir voru í örlítið ríkari mæli sammála fullyrðingunni en vinstrisinnaðir og þeir sem staðsetja sig fyrir miðju. Alls voru 20,4% hægrisinnaðra annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni en 14,6% vinstrisinnaðra og 11,9% þeirra sem staðsetja sig fyrir miðju. Þá skera kjósendur Miðflokksins sig úr en 40,2% þeirra segjast vera annað hvort að hluta til eða mjög sammála fullyrðingunni. Þar á eftir koma kjósendur Sósiálistaflokksins en 31% þeirra tóku sömu afstöðu og kjósendur Flokks fólksins en 26,4% þeirra tóku sömu afstöðu.

Framkvæmd

Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu. **Svarendur eru af öllu landinu og á aldrinum 18 ára og eldri.** Við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspeglar þjóðina út frá kyni, aldri og búsetu. Við vigtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Gagnaöflun fór fram dagana **5. – 11. desember 2024** og voru svarendur **951** talsins.